



sonar, f. 11. ágúst 1869, d. 24. desember 1937, og Guðfinnu Sólveigar Jónsdóttur frá Reykjahlíð, f. 12. desember 1875, d. 7. apríl 1957.

Stúdent frá MA, stærðfræðideild, 1943. Verknám í Lyfjabúðinni Iðunni október 1944–1947. Exam. pharm. frá Lyfjafræðingaskóla Íslands október 1947. DfH nóvember 1947 – apríl 1950. Cand. pharm. apríl 1950.

Lyfjafræðingur í Stjörnu Apóteki Akureyri 1950–1953, Holts Apóteki 1953–1961. Lyfsali í Apóteki Austurlands, Seyðisfirði, 1961–1970. (Leyfisveiting 30. ágúst 1961.) Lyfsali í Apóteki Vestmannaeyja 1. ágúst 1969 – maí 1976. (Leyfisveiting 28. apríl 1969.) Stofnandi og fyrsti lyfsali Apóteks Norðurbæjar, Hafnarfirði, 3. mars 1977 – nóvember 1996. (Leyfisveiting 24. október 1974.)

Gjaldkeri LFÍ 1954. Ýmisleg nefndarstörf á vegum Seyðisfjarðarkaupstaðar, í fræðsluráði, sáttamaður o.fl.

Maki 6. maí 1950 Kirsten Hallgrímsson lyfjafræðingur, sjá þar.

Sonur þeirra: Kristján Hallgrímur, f. 15. september 1956.



KRISTJÁN LINNET

F. 12. maí 1946 í Reykjavík.

Faðir: *Henrik* Adolf Linnet, læknir í Reykjavík, f. 21. júní 1919 á Sauðárkróki, sonur Kristjáns Linnet, sýslumanns og bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, f. 1. febrúar 1881 í Reykjavík, d. 11. september 1958, og Jóhönnu Júlíusdóttur Linnet, f. 6. mars 1890, d. 29. apríl 1968.

Móðir: Svana Vernharðsdóttir Linnet hjúkrunarfræðingur, f. 12. mars 1916 á Hvítanesi, Ögurhr., N-Ís., dóttir Vernharðs Einarssonar, bónda og hreppstjóra í Öguruhreppi, f. 4. ágúst 1870, d. 3. apríl 1937, og Jónu Runólfsdóttur frá Heydal, f. 9. október 1876, d. 22. október 1928.

Stúdent frá MR, stærðfræðideild, 1966. Hóf lyfjafræðinám við HÍ september 1969, verknám í Laugavegs Apóteki júní 1970 – janúar 1971, júní 1971 – ágúst 1971. Miðpróf ágúst 1971. DfH september 1971 – júní 1974. Cand. pharm. júní 1974.

Hlaut starfsleyfi sem lyfjafræðingur á Íslandi árið 1974. Var ráðinn sérfræðingur við efnafræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans í ágúst árið 1974 til 1. apríl 1977. Stundakennari við HÍ 1974 – janúar 1979. Hlaut starf yfirlyfjafræðings Borgarspítalans 1. apríl 1977 og var skipaður forstöðulyfjafræðingur Apóteks Borgarspítalans við skipulagsbreytingar þar árið 1995. Forstöðulyfjafræðingur Apóteks Sjúkrahúss Reykjavíkur við sameiningu Borgarspítala og Landakots árið 1996 og framkvæmdastjóri og jafnframt faglegur forstöðumaður Sjúkrahússapóteks Reykjavíkur ehf. þegar rekstri apóteksins var breytt í hlutafélagsform árið 1997, yfirlyfjafræðingur Sjúkrahússapóteksins ehf. frá 1. nóvember 2001. Sat í lyfjanefnd Borgarspítalans og var formaður hennar 1984. Sat svo áfram í lyfjanefnd Sjúkrahúss Reykjavíkur og að lokum sameiginlegri lyfjanefnd Landspítalans til 2001. Sat í sýkingavarnanefnd og tók virkan þátt í starfi hennar, m.a. meðhöfundur að bæklingi um sótthreinsiefni. Var einn af frumkvöðlum þess að upplýsingamiðstöð um eitranir var komið á laggirnar við Borgarspítalann árið 1994, og var formaður stjórnar hennar.

Hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum í félögum lyfjafræðinga, sat í fræðslunefnd LFÍ 1978–1979, var varaformaður félagsins 1979–1980 og formaður þess 1980–1981, formaður Stéttarfélags íslenskra lyfjafræðinga 1989–1991, sótti fundi Nordisk Farmaceut Union 1979–1980 og 1989–1992, formaður deildar sjúkrahússlyfjafræðinga í LFÍ 1996–1998. Sat í ritstjórn *Tímarits um lyfjafræði* 1976–1987. Var kjörinn í stjórn European Society of Clinical Pharmacy árið 1997 og endurkjörinn 2001.

Lauk samnorrænu fjarnámi í heilsuhagfræði á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskólans í samvinnu við Samtök sjúkrahúsa á Norðurlöndum undir handleiðslu prófessors Gavins Mooney og Ingu Jónu Jónsdóttur hagfræðings, árið 1992, en það samsvarar 6 eininga námi á háskólastigi. Hefur tekið þátt í ýmsum námskeiðum í heilsuhagfræði. Félagi í Félagi um heilsuhagfræði 1992. Hefur tekið þátt í fjölda lyfjafræðiráðstefna og námskeiða innanlands sem utan, auk þess að standa að því að skipuleggja ráðstefnur og námskeið.

Greinar og erindi í fagfórum og á ráðstefnum:

1. Linnet K & Ólafsson Ó, Öryggisumbúðir – afstaða sjúklunga og umgengni, *Tímarit um lyfjafræði* 1982, 17(1), 13–19.
2. Linnet K, Lyfjaeitranir meðal barna – öryggisráðstafanir, *Tímarit um lyfjafræði* 1983, 18(1), 9–12.
3. Linnet K, A propos präventive metoder mod lægemiddelforgiftninger hos små børn, *Farm. Tidende* 1983, 93(1), 22–24.
4. Linnet K, Þróun tölvunotkunar í Apóteki Borgarspítalans, erindi flutt á degi lyfjafræðinnar, ráðstefnu LFÍ í Reykjavík í nóvember 1986.
5. Linnet K & Magnússon E, Prófanir á nýjum öryggisumbúðum undir lyf, *Tímarit um lyfjafræði* 1987, 22(1), 15–20.
6. Linnet K, Den íslenska sjúkhusfarmacins utveckling i den nærmeste fremtid, erindi á 16:e Nordiska Sjukhusfarmacikongressen i Sundsvall, Svþjóð 1991.
7. Linnet K & Arnardóttir I, Stabilitet av suxameton injektion i akutaskar vid rumstemperatur, erindi á 16:e Nordiska Sjukhusfarmacikongressen i Sundsvall, Svþjóð 1991.
8. Linnet K & Arnardóttir I, Erfarenheter av utvidgad farmaceutisk service på vårdavdelning med hänsyn till uppbygget av klinisk farmaci och unit dose distribution, erindi á 16. norrænu lyfjafræðiráðstefnunni, 17. norrænu sjúkrahússlyfjafræðiráðstefnunni, Reykjavík, 1994.
9. Arnardóttir I, Linnet K & Kristjánsson M, Cefalosporinens forbrugsmønster på to kirurgiske og to medicinske afdelinger på Borgarspítalinn – En prospektiv point prevalence studie, erindi á 16. norrænu lyfjafræðiráðstefnunni, 17. norrænu sjúkrahússlyfjafræðiráðstefnunni, Reykjavík, 1994.
10. Kjartansdóttir G & Linnet K, Reynslan af Eitrunarmiðstöð Borgarspítalans, Veggspjald kynnt á Rannsóknadeigi Vísindaráðs Borgarspítalans 1995.
11. Valdimarsson H, Björnsson J, Torres A, Jónsson P V, Guðmundsdóttir J, Benediktsdóttir B, Björnsson S, Linnet K, Þorleifsdóttir B & Gizurarson S, Dregið úr svefnlyfjanotkun vistfólks á öldrunarstofnunum. Forkönnun. Veggspjald kynnt á Rannsóknadeigi Vísindaráðs Sjúkrahúss Reykjavíkur 1998.
12. Björgvinsson S, Jóhannesson B H & Linnet K, Kvalitetstýring av antibiotikaterapin. Den kliniska farmaceutens arbetsuppgifter inom sjukhusets antibiotikateam. Sänkning av läkemedelskostnader och förbättrad terapi, erindi á Den 17. Nordiske Farmacikongres, Den 18. Nordiske Sygehusfarmacikongres i Kaupmannahöfn, Danmörku 1998.
13. Þráinsdóttir I S, Björgvinsson S, Linnet K, Þórisdóttir A, Jóhannesson B H & Briem H, Gæðastjórnun sýklalyfjagjafa á Sjúkrahúsi Reykjavíkur 1994–1997. Fjárhagsleg áhrif, *Læknablaðið* 2000, 87, 33–38.

Maki 28. mars 1970 Jónína Guðnadóttir myndlistarmaður, f. 16. september 1943, dóttir Guðna Dags Kristjánssonar bakara, f. 20. ágúst 1918, og Stefaníu Sigurðardóttur verslunarmanns, f. 2. júní 1921.

Börn þeirra: 1) Stjúpóttir Kristjáns: Helga Kristín Haraldsdóttir íslenskufraeðingur, f. 24. mars 1968, maki: Guðbjörg Halldórsdóttir einkapjálfari, f. 25. ágúst 1963. 2) Svana Huld viðskiptafræðingur, f. 25. september 1970, maki: Finnþógi Gylfason hagfræðingur, f. 26. febrúar 1970. 3) Áshildur landfræðingur, f. 1. febrúar 1975, maki: Hilmar Egill Sveinbjörnsson landfræðingur, f. 19. janúar 1969. 4) Úlfar verkfræðinemi, f. 11. mars 1980.

Ólafur Jónsson, aðstoðarlyfjafræðingur í Stykkishólmi, var langa-langafi Kristjáns.